

TILLAGA

til þingsályktunar um frumvarp til laga
um úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar
(Lagt fyrir 55. kirkjuþing 2017)

Flutt af löggjafarnefnd
Frsm. Jónína Bjartmarz

Kirkjuþing 2017 beinir þeim tilmælum til dómismálaráðherra að flutt verði eftirfarandi frumvarp til laga um úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997.

Frumvarp til laga um úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar

I. kafli. Hlutverk, aðild og skipan úrskurðarnefndar

Hlutverk

1. gr.

- Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar, sbr. 23. gr. þjóðkirkjulaga, skal úrskurða í kærumálum vegna ágreinings á kirkjulegum vettvangi eða þegar embættismaður, starfsmaður eða trúnaðarmaður þjóðkirkjunnar á Íslandi er borinn sökum um siðferðis- eða agabrot eða annað brot í starfi.
- Úrskurðarnefndin fjallar ekki um málefni sem varðar setningu, skipun og lausn frá embætti eða starfslok á grundvelli laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.
- Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar er sjálfstæð í störfum sínum.

Aðild

2. gr.

- Hver sá sem hagsmuna á að gæta getur borið mál undir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar eftir því sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

Nefndarskipan

3. gr.

- Ráðherra, sem fer með málefni þjóðkirkjunnar, skipar þrjá menn í úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar til fjögurra ára í senn. Hæstiréttur Íslands tilnefnir tvo nefndarmenn og skulu þeir uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara, sbr. 12. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998. Biskup Íslands tilnefnir einn nefndarmann og skal hann hafa þekkingu og reynslu af málefnum þjóðkirkjunnar. Sama gildir um varamenn þeirra. Úrskurðarnefndin velur sér sjálf formann og skal hann vera annar þeirra sem Hæstiréttur tilnefnir. Sama gildir um varaformann. Nefndarmenn skulu ekki vera fastráðnir starfsmenn þjóðkirkjunnar.
- Úrskurðarnefnd er heimilt að fara þess á leit við ráðherra að hann skipi tvo sérfróða menn við meðferð einstakra mála. Skal annar þeirra tilnefndur af Hæstarétti en hinn af biskupi Íslands.

Þeir skulu starfa með nefndinni við undirbúning og meðferð máls eftir ákvörðun formanns. Við tilnefningu sérfróðra manna skal þess gætt að sérþekking þeirra nýtist sem best í hlutaðeigandi máli.

□ Þóknun nefndarmanna skv. 1. mgr., og eftir atvikum 2. mgr., skal greidd úr kirkjumálasjóði.

II. kafli. Málsmeðferð.

Upphaf máls

4. gr.

■ Kæra til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar skal vera undirrituð og málsmeðferð fyrir nefndinni að jafnaði skrifleg. Í kæru skal koma fram hver sé kærandi, hvert kæruefnið sé, kröfur kæranda og rök fyrir kæru. Úrskurðarnefndinni er heimilt að ákveða að kæra skuli borin fram á sérstöku eyðublaði á vefsíðu. Formaður, eftir atvikum varaformaður, stýrir störfum nefndarinnar við umfjöllun máls. Um málsmeðferðina gilda stjórnslulög, nr. 37/1993, eftir því sem við á.

□ Nú berst úrskurðarnefndinni kæra og metur nefndin þá annars vegar hvort kæruefnið heyrir undir hana, sbr. 1. gr. og hins vegar hvort kærandi teljist eiga hagsmuna að gæta, sbr. 2. gr.

□ Telji nefndin að aðild máls og kæruefnið uppfylli skilyrði laga þessara tekur hún málið til meðferðar og tilkynnir öllum hlutaðeigandi þegar í stað um þá ákvörðun sína.

□ Telji nefndin að aðild máls eða kæruefnið uppfylli ekki skilyrði laga þessara vísar hún málinu frá.

Leyfi frá embætti eða starfi

5. gr.

■ Varði kærumál meint siðferðis- eða agabrot prests, djákna eða annars starfsmanns þjóðkirkjunnar skal úrskurðarnefndin, eftir að tekin hefur verið ákvörðun skv. 3. mgr. 4. gr., meta, hvort rétt sé að nefndin leggi til við hlutaðeigandi stjórnvöld þjóðkirkjunnar að þeim sem kæran beinist gegn verði veitt leyfi frá embætti eða starfi meðan málið er til meðferðar hjá nefndinni.

Sættir

6. gr.

■ Úrskurðarefnd kannar á þessu stigi hvort grundvöllur er til sátta. Telji nefndin sættir koma til greina eða að nauðsynlegt sé að reyna sættir kveður hún málsaðila, saman eða hvorn í sínu lagi, á sinn fund.

Frestir

7. gr.

■ Takist ekki að ná sáttum og úrskurðarnefnd telur gögn þau sem henni bárust með beiðni um úrlausn máls ekki fullnægjandi skal hún gefa kæranda kost á að senda frekari gögn og greinargerð um málið. Kæranda skal veittur frestur til að skila þessum gögnum og greinargerð og skal sá frestur að jafnaði ekki vera lengri en fjórar vikur. Veita má þó lengri frest þegar sérstaklega stendur á. Gefa skal gagnaðila kost á að skila gögnum að liðnum sama fresti.

□ Sinni kærandi ekki tilmælum nefndarinnar skv. 1. mgr. innan tilgreinds frests skulu þau ítrekuð með nýjum fresti sem skal að jafnaði ekki vera lengri en tvær vikur. Ef kærandi sinnir

enn ekki tilmælum nefndarinnar er henni heimilt að synja um úrlausn máls. Synjun um úrlausn máls skal vera skrifleg og afrit sent gagnaðila.

8. gr.

■ Að fresti liðnum skv. 7. gr. skal haldinn fundur í nefndinni með kæranda og gagnaðila þar sem kærandi leggur fram gögn og greinargerð sína ef við á og gagnaðili þau gögn sem hann kýs þá að leggja fram.

□ Gagnaðila skal veittur frestur til þess að tjá sig skriflega um gögn þau og greinargerð sem kærandi hefur lagt fram. Frestur gagnaðila skal að jafnaði ekki vera lengri en fjórar vikur, en veita má þó lengri frest þegar sérstaklega stendur á.

□ Sinni gagnaðili ekki tilmælum nefndarinnar skv. 7. gr. innan tilgreinds frests skulu þau ítrekuð með nýjum fresti sem skal að jafnaði ekki vera lengri en tvær vikur. Ef gagnaðili sinnir enn ekki tilmælum nefndarinnar byggir hún úrlausn máls á framlögðum gögnum og öðrum þeim upplýsingum er hún aflar sjálf um málið.

9. gr.

■ Að þeim fresti liðnum, sem gagnaðila hefur verið veittur, skal halda fund í úrskurðarnefndinni með kæranda og gagnaðila þar sem greinargerð gagnaðila og önnur skjöl, sem hann kýs að leggja fram, eru afhent.

□ Þegar öll gögn hafa verið lögð fram getur úrskurðarnefnd að beiðni málsaðila ákveðið að fjalla um mál munnlega. Að jafnaði skal framlagningu gagna lokið á þessu tímamarki.

□ Ef ákveðið verður að fjalla um málið munnlega skal ákveðinn stuttur frestur til þess og að honum liðnum skal kærandi tjá sig fyrst um málið en gagnaðili að því búnu.

□ Nú er ekki ákveðið að aðilar tjái sig munnlega um málið fyrir nefndinni og skal þá kæranda veittur frestur til að tjá sig skriflega um það en að því búnu skal gagnaðila gefinn kostur á að koma að skriflegum athugasemdum sínum. Miðað skal við að frestir, sem veittir eru til þess að málsaðilar megi koma að skriflegum sjónarmiðum sínum samkvæmt þessari málsgrein, verði ekki lengri en tvær vikur samtals.

Gagnöflun

10. gr.

■ Nefndin skal í upphafi málsmeðferðarinnar og einnig síðar, ef ástæða þykir til, rita stjórnvöldum, einkaaðilum, rannsóknaraðilum eða öðrum bréf og óska eftir því að fá send tilgreind eða ótilgreind gögn sem kunna að vera til upplýsingar um málsatvik. Strax og slík gögn berast nefndinni skulu afrit þeirra afhent málsaðilum. Nefndin getur mælt svo fyrir í bréfi þar sem óskað er afrits gagna samkvæmt þessari málsgrein að gögn, sem henni eru afhent í trúnaði, séu auðkennd sérstaklega.

Opinber rannsókn

11. gr.

■ Hafi aðili neytt réttar síns til þess að óska eftir að fram fari opinber rannsókn af sama tilefni og mál það sem til úrlausnar er, skal úrskurðarnefnd leitast við að fá öll þau gögn, sem aflað hefur verið við þá rannsókn, þ.m.t. skýrslur sem gefnar hafa verið fyrir rannsóknaraðilum.

Skýrslutaka

12. gr.

- Nefndin getur óskað eftir því að tilteknir menn komi til viðtals við hana til þess að tjá sig um málefni sem tengjast úrlausnarefninu en gefa skal málsaðilum kost á að vera viðstaddir á slíkum fundum.
- Slíkar skýrslur er heimilt að bóka eða hljóðrita eftir því sem henta þykir og skal gera þeim sem skýrslu gefur grein fyrir því hvernig upplýsingar, sem hann gefur, eru skráðar.

13. gr.

- Nú neitar maður að koma til viðtals hjá nefndinni eða neitar að afhenda skjal eða láta uppi efni þess og nefndin telur útilokað að útkljá málefni það, sem til meðferðar er, án þess að skýrsla hans eða upplýsingar um efni skjalsins liggi fyrir, er þá nefndinni heimilt, ef hún telur nauðsyn bera til, að afla sönnunargagna eftir því sem heimilt er skv. 2. mgr. 77. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991.
- Sé grunur um refsiverða háttsemi getur nefndin hlutast til um að fram fari opinber rannsókn á þeirri háttsemi.

III. kafli. Úrskurður

Gagnöflun lokið

14. gr.

- Þegar aðilar hafa skilað þeim greinargerðum og gögnum, sem þeir eiga kost á, og tjáð sig munnlega um málið, hafi það verið ákvæðið, tekur úrskurðarnefndin málið til úrskurðar. Nefndin fjallar um málið á fundum eins og þurfa þykir og til að komast að niðurstöðu.
- Nefndin skal semja skriflegan og rökstuddan úrskurð um úrlausnarefnið.

Úrskurður

15. gr.

- Úrskurðarnefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem kostur er og að jafnaði innan fjögurra vikna frá því að gagnöflun, sbr. 14. gr., er lokið. Dragist málsmeðferð fyrir nefndinni lengur en ákvæði þessi gera ráð fyrir, svo sem vegna þess að mál er til opinberrar rannsóknar, sem nauðsynlegt er að bíða eftir að ljúki, skal sá dráttur skýrður í álitni nefndarinnar. Tilkynna skal málsaðilum um dráttinn.
- Þegar nefndarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls en sá sem er í minni hluta skilar séráliti um hana. Forfallist aðalmaður, án þess að ráðrúm gefist til að boða varamann í hans stað, er nefndin engu að síður ályktunarhæf þegar meiri hluti nefndarmanna situr fund. Við þær aðstæður ræður atkvæði formanns úrslitum ef atkvæði falla eitt á móti einu.
- Þegar úrskurðarnefnd hefur lokið samningu úrskurðar síns skal hún senda hann til málsaðila.
- Úrskurðum úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar verður ekki skotið til annars stjórnsvalds.

Úrræði úrskurðarnefndar

16. gr.

- Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar eru heimil eftirfarandi úrræði gagnvart prestum, djáknum og öðrum starfs- eða trúnaðarmönnum þjóðkirkjunnar:

- a. mælt fyrir um að veitt verði áminning, eftir atvikum með skilyrðum eða leiðbeiningum eða nánari fyrirmælum um rétta starfshegðun,
- b. mælt fyrir um flutning í starfi,
- c. mælt fyrir um að viðkomandi skuli ekki gegna núverandi starfi eða sambærilegu starfi á kirkjulegum vettvangi um ákveðið tímabil eða til frambúðar,
- d. mælt fyrir um endanlega brottvikningu viðkomandi úr hvaða starfi sem er á kirkjulegum vettvangi sem valdsvið nefndarinnar nær til.

Framfylgd úrskurða

17. gr.

■ Kirkjulegir framkvæmdarvaldshafar skulu framfylgja úrskurðum skv. 16. gr., undir yfirumsjón kirkjuráðs, og fylgjast jafnframt með því að farið sé eftir úrskurðum er snerta starfsemi eða framferði embættis-, starfs- eða trúnaðarmanna.

Birting úrskurða og skýrsluskil

18. gr.

■ Úrskurði nefndarinnar skal birta á vef þjóðkirkjunnar. Þeir skulu birtir án nafna, kennitalna og annarra persónugreinanlegra auðkenna. Heimilt er að undanskilja úrskurði birtingu ef sérstök vandkvæði eru á að tryggja persónuvernd.

□ Nefndin skal árlega skila ráðherra skýrslu um störf sín og helstu niðurstöður og ályktanir sem draga má af úrskurðum nefndarinnar.

IV. kafli. Ýmis ákvæði.

Vernd persónuupplýsinga og þagnarskylda

19. gr.

■ Um vinnslu nefndarmanna og starfsmanna og ráðgjafa nefndarinnar á persónuupplýsingum fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem fram kemur í gögnum sem nefndinni eru látin í té. Sama gildir um þá sem hún kann að kveðja sér til aðstoðar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Upplýsingaskylda og gagnaöflun

20. gr.

■ Stjórnvöldum þjóðkirkjunnar er skylt að láta úrskurðarnefnd í té öll gögn máls, svo og þær upplýsingar og skýringar sem hún telur nauðsynlegar vegna úrlausnar máls.

Kostnaður

21. gr.

■ Málsaðilar bera sjálfir kostnað sinn vegna meðferðar máls fyrir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Kirkjumálasjóður greiðir kostnað af starfi úrskurðarnefndar auk þóknunar nefndarmanna, sbr. 3. mgr. 3. gr. Heimilt er þó nefndinni að ákveða að annar eða báðir málsaðilar greiði kostnað af starfi nefndarinnar.

Reglugerð og verklagsreglur

22. gr.

- Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um úrskurðarnefndina í reglugerð, þ.m.t. um erindi til nefndarinnar, starfshætti, málsmeðferð, birtingu úrskurða og efni ársskýrslu.
- Nefndin getur sett sér verklagsreglur þar sem nánar verður kveðið á um störf nefndarinnar. Þær skulu staðfestar af ráðherra.

Gildistaka

23. gr.

- Lög þessi öðlast gildi

Ákvæði til bráðabirgða

- Við gildistöku þessara laga skal málum, sem tekin hafa verið til efnismeðferðar eða ákvörðunar um frávísun hjá úrskurðar- eða áfrýjunarnefndum kirkjunnar samkvæmt lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, lokið fyrir þeim nefndum.

Athugasemdir með frumvarpi þessu

I. Inngangur

Löggjafarnefnd kirkjupings hefur unnið að undirbúningi frumvarps þessa frá því snemma á árinu. Í frumvarpinu er lagt til að ráðherra, sem fari með málefni þjóðkirkjunnar, skipi þrjá menn í úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar til fjögurra ára í senn samkvæmt tilnefningum Hæstaréttar Íslands sem tilnefni þá tvo fulltrúa og biskups Íslands sem tilnefni einn. Nefndarmenn, sem Hæstiréttur tilnefnir, skuli uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Sá sem biskup skipi skuli hafa þekkingu og reynslu af málefnum þjóðkirkjunnar. Sama gildi um varamenn þeirra. Gert er ráð fyrir að úrskurðarnefndin velji sér sjálf formann og skuli hann vera annar þeirra sem Hæstiréttur tilnefnir. Einnig er lagt til að úrskurðarnefndinni sé heimilt að fara þess á leit við ráðherra að hann skipi tvo sérfróða menn við meðferð einstakra mála og skuli annar þeirra tilnefndur af Hæstarétti en hinn af biskupi Íslands. Þess skuli gætt við tilnefningar sérfróðra manna að sérþekking þeirra nýtist sem best í hlutaðeigandi máli.

Verði frumvarp þetta að lögum mun áfrýjunarnefnd, sem tilgreind er í 13. gr. núgildandi laga nr. 78/1997, verða lögð niður. Lagt er til að í stað hennar muni ráðherra skipa nýja úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar sem starfa muni samkvæmt sérstökum lögum. Þar sem þessi nýja nefnd verður skipuð af ráðherra en ekki biskupi Íslands má segja að hún verði síður tengd þjóðkirkjunni en núverandi úrskurðarnefnd og meira í líkingu við áfrýjunarnefnd núgildandi laga. Nýju nefndinni verður ætlað að geta gripið til víðtækari úrræða en núverandi nefnd hefur lagaheimildir til og kemur það bæði fram hvað varðar starfssvið, úrlausnarefni og úrræði.

Vilji var á kirkjupingi 2013 að úrskurðar- og áfrýjunarnefndir yrðu felldar brott með breytingu á núgildandi lögum um þjóðkirkjuna. Frumvarp sem innanríkisráðherra flutti árið 2014, m.a. um þessa breytingu, fékk ekki framgang á Alþingi. Meginástæðan mun hafa verið sú að nefndarmenn allsherjarnefndar þingsins hafi talið að ef nefndir þessar féllu brott og kirkjan hefði ekki ákveðinn farveg fyrir úrlausn ágreiningsmála gæti verið erfiðleikum bundið, m.a. fyrir hinn almenna borgara, að leita réttar síns ef upp kæmi ágreiningur á vettvangi kirkjunnar enda þá einungis fær hin almenna dómstólaleið sem getur verið bæði dýr og tafsöm. Til áréttingar má benda á að hver sá sem telur sig eiga hagsmuna að gæta af úrlausn ágreinings á kirkjulegum vettvangi getur samkvæmt ákvæðinu borið mál sitt undir úrskurðarnefnd

kirkjunnar. Ákvæðið í frumvarpinu um úrskurðarnefnd er efnislega samhljóða nógildandi ákvæði en nú eru lagðar til nokkrar efnisbreytingar sem skerpa á úrræðum úrskurðarnefndar sbr. 16. gr. frumvarpsins.

II. Tilefni og nauðsyn lagasetningar

Tilgangur með lagasetningu þessari er að gera úrskurðarnefnd kirkjunnar sjálfstæðari en hún er nú, bæði með því að það sé ekki lengur á valdi kirkjubings að setja nefndinni starfsreglur heldur ákvarðast störf hennar nú í texta frumvarpsins. Enn fremur verður þessi úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar sjálfstæðari við að það að ráðherra skipi hana en ekki biskup Íslands.

Í gildandi ákvæðum laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, er kveðið á um rétt almennings til að skjóta ágreiningi á kirkjulegum vettvangi til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar sem biskup Íslands skipar. Sama gildir ef starfsmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum um siðferðis- eða agabrot. Þannig getur hver sá sem hagsmuna á að gæta borið mál undir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar og eftir atvikum skotið því til áfrýjunarnefndar og fengið niðurstöðu innan tiltekins frests. Nú er lagt til að áfrýjunarnefnd verði felld brott úr lögum en þess í stað fest í lög ákvæði um að ráðherra skipi úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Markmið þeirra breytinga, sem hér eru lagðar til, er að unnt verði að tryggja betur þessa mikilsverðu hagsmuni fólks, jafnt hvað varðar sjálfstæði nefndarinnar, málshraða og vandaða málsmeðferð. Dómstólaleið er að vísu öllum tæk en slík mál eru yfirleitt kostnaðarsöm og geta tekið lengri tíma en stjórnarsýslumeðferð.

III. Meginefni frumvarpsins

Í frumvarpi því sem hér er lagt fram eru fjórir kaflar. Fyrsti kaflinn fjallar um hlutverk, aðild og skipan úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar. Þar segir m.a. að úrskurðarnefndin skuli úrskurða í kærumálum vegna ágreinings á kirkjulegum vettvangi eða þegar embættismaður, starfsmaður eða trúnaðarmaður þjóðkirkjunnar á Íslandi er borinn sökum um siðferðis- eða agabrot eða annað brot í starfi. Einnig er lagt til að úrskurðarnefndin fjalli ekki um málefni sem varðar setningu, skipun og lausn frá embætti eða starfslok á grundvelli laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Í nógildandi starfsreglum um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar, nr. 730/1998, er kveðið á um að úrskurðarnefndin fjalli ekki um málefni sem varði lausn frá embætti eða starfslok á grundvelli laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Nú þykir rétt að kveða svo á um að nefndin fjalli ekki heldur um mál er varði setningu eða skipun embættismanna kirkjunnar. Slík mál falla undir veitingarvaldshafann, í þessu tilfalli biskup Íslands, og þykir því rétt að biskup Íslands fjalli um kærumál er varða starfsmannamál presta. Áréttað er líka að úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar sé sjálfstæð og óháð í störfum sínum og er það áréttað með því að nú er lagt til að ráðherra skipi nefndina en ekki biskup Íslands eins og nú er í gildandi lögum. Í þessum kafla er einnig fjallað um hverjir geti átt aðild að máli fyrir úrskurðarnefnd en það er hver sá sem hagsmuna á að gæta og telur að embættismaður, starfsmaður eða trúnaðarmaður þjóðkirkjunnar á Íslandi hafi framið siðferðis- eða agabrot eða annað brot í starfi. Í þessum kafla er fjallað um skipan nefndarinnar og lagt til að sá ráðherra, sem fari með málefni þjóðkirkjunnar, skipi þrjá menn í úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar til fjögurra ára í senn. Nú er einnig lagt til að Hæstiréttur Íslands tilnefni tvo nefndarmenn og að þeir skuli uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Það á að tryggja að í nefndina veljist fólk sem hafi þekkingu á lögum er varða stjórnarsýslu ríkisins svo og á

málsmeðferðarreglum opinbers réttarfars og einkamálaréttarfars. Síðan er lagt til að biskup Íslands tilnefni einn nefndarmann og skuli hann hafa þekkingu og reynslu af málefnum þjóðkirkjunnar. Ef mál, sem kærð eru til úrskurðarnefndar, þykja að mati nefndarinnar mjög sérhæfð er nefndinni heimilt að fara þess á leit við ráðherra að hann skipi tvo sérfróða menn við meðferð einstakra mála. Skuli annar þeirra tilnefndur af Hæstarétti en hinn af biskupi Íslands. Við tilnefningar sérfróðra manna skal þess gætt að sérþekking þeirra nýtist sem best í hlutaðeigandi máli.

Annar kaflinn fjallar um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Þar er m.a. fjallað um sátttaferli, fresti, upplýsingaskyldu, gagnaöflun og málsmeðferðartíma. Í kaflanum er leitast við að setja almennar reglur um málsmeðferð fyrir nefndinni. Samkvæmt ákvæðum 1. gr. stjórnslulaga, nr. 37/1993, gilda þau eftir því sem við á þegar stjórnslunefndir taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna en ákvæði annarra laga, sem hafa að geyma strangari málsmeðferðarreglur en stjórnslulögin mæla fyrir um, halda gildi sínu. Ákvæði stjórnslulaganna munu því gilda um úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar eftir því sem við getur átt.

Hvað varðar meðferð skjala og gerðabóka nefndarinnar ber úrskurðarnefndinni að fylgja eftirfarandi atriðum:

1. Nefnd skal árita eða stimpla öll bréf og erindi sem þeim berast um móttöku þar sem fram kemur móttökudagur og einnig önnur atriði ef þurfa þykir.
2. Nefndin skráir innkomin bréf og erindi í sérstaka bréfabók og varðveitir í möppu. Útsend bréf skulu skráð og varðveitt með sama hætti.
3. Öll skjöl, sem lögð eru fram í máli eða berast með öðrum hætti, skulu árituð um móttökudag og þeim gefið númer í áframhaldandi töluröð. Heimilt er að leggja fram sem eitt málskjal, skjalamöppu með skjölum, eða skjöl sem fest eru saman, ef henta þykir. Á skjöl skal einnig rita hvenær þau eru lögð fram á fundum nefnda.
4. Málsaðilar skulu leggja öll skjöl fram í fjórriti (frumrit og þrjú ljósrit). Frumrit ásamt tveimur afritum fá nefndarmenn og fjórða afritið (ljósritið) fær gagnaðili.
5. Skjöl úrskurðarnefndar skulu varðveitt tryggilega og í samræmi við þau lög og þær reglur sem um það gilda á hverjum tíma.
6. Nefnd skal halda gerðabók þar sem skráð skal meginefni þess sem fram kemur á fundum nefndarinnar. Gildir þetta bæði um fundi sem varða undirbúning að málsmeðferð, fundi sem eru þáttur í meðferð máls og aðra fundi. Formaður eða varamaður hans færir gerðabókina. Endurrit úr slíkri gerðabók má afhenda þeim sem hafa lögvarinna hagsmuna að gæta.
7. Í bókun í gerðabók skal jafnan greina eftirfarandi eftir því sem við á:
 - a) Hvar og hvenær mál er tekið fyrir.
 - b) Númer máls og nöfn málsaðila.
 - c) Hverjir eru mættir.
 - d) Hvaða skjöl lögð eru fram, hvers eðlis þau eru og hvaða númer þau fá.
 - e) Frásögn og afstöðu aðila í skýru og stuttu máli.
 - f) Í niðurlagi bókunar komi fram að hún hafi verið lesin í heyranda hljóði og staðfest rétt af aðilum eða umboðsmönnum þeirra með undirritun þeirra.

Þriðji kafli frumvarpsins hefur að geyma ákvæði um úrskurði nefndarinnar, úrræði hennar svo og framfylgd og birtingu þeirra. Hér er fjallað um að úrskurði skuli kveða upp að

jafnaði innan fjögurra vikna og að ekki sé um málskotsrétt til æðra stjórnvalds að ræða. Nú er lagt til að skerpt verði á úrræðum nefndarinnar frá því sem er í gildandi starfsreglum um nefndina. Er því lagt til að í stað þess að nefndin *leggi til* í sumum tilvikum ákvæðin úrræði verði kveðið á um að hún *mælist til* í öllum tilvikum að þeim úrræðum, sem hún ákveður að beita, verði framfylgt. Áfram kemur fram að kirkjulegir framkvæmdarvaldshafar skuli framfylgja úrskurðum úrskurðarnefndar undir yfirumsjón kirkjuráðs og fylgjast jafnframt með því að farið sé eftir úrskurðum er snerta starfsemi eða framferði einstakra embættis-, starfs- eða trúnaðarmanna. Fjallað er um vernd persónuupplýsinga við birtingu og að nefndin skuli árlega skila ráðherra skýrslu um störf sín.

Síðasti kafli frumvarpsins hefur svo að geyma ýmis ákvæði svo sem um vernd persónuupplýsinga, trúnaðar- og þagnarskyldu nefndarmanna og skyldu kirkjulegra stjórnvalda að afhenda nefndinni nauðsynleg gögn vegna úrlausnar máls. Að lokum er svo að finna ákvæði til bráðabirgða sem tryggir að þau mál sem eru, við gildistöku laga þessara, í vinnslu hjá úrskurðarnefnd og eftir atvikum áfrýjunarnefnd samkvæmt núgildandi lögum skuli lokið hjá þeim nefndum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um það meginhlutverk úrskurðarnefndar kirkjunnar að úrskurða í kærumálum vegna ágreinings á kirkjulegum vettvangi innan þjóðkirkjunnar á Íslandi eða ef embættismaður, starfsmaður eða trúnaðarmaður hennar er borinn sökum um siðferðis- eða agabrot eða annað brot í starfi.

Í 2. mgr. kemur fram að úrskurðarnefndin fjalli ekki um málefni sem varði setningu, skipun og lausn frá embætti eða starfslok á grundvelli laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, sbr. umfjöllun um efnið í III. kafla um meginefni frumvarpsins.

Í 2. mgr. er hnykktt á því að úrskurðarnefndin skuli vera sjálfstæð í störfum sínum.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um hverjir geti borið mál undir úrskurðarnefnd og segir í ákvæðinu að hver sá sem hagsmuna eigi að gæta geti borið mál undir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar eftir því sem mælt sé fyrir um í lögnum.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir því að ráðherra skipi þrjá einstaklinga í úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Miðað er við að nefndarmenn séu skipaðir til fjögurra ára í senn og varamenn séu skipaðir með sama hætti og aðalmenn. Í málsgreininni er mælt fyrir um almennt hæfi nefndarmanna en þar segir að nefndarmenn skuli fullnægja starfsgengisskilyrðum héraðsdómara, sbr. 12. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998. Með beinni tilvísun til 12. gr. laga um dómstóla er tekið af skarið um að aðrar reglur en þar koma fram og fela í sér skilyrði fyrir því að dómara haldi starfi sínu, svo sem ákvæði um hámarksaldur, eiga ekki við um nefndarmenn í úrskurðarnefndinni. Starf í nefndinni er hlutastarf og því eðlilegt að ekki eru gerðar jafn strangar kröfur til nefndarmanna og dómara að þessu leyti.

Þá er tiltekið að sá nefndarmaður, sem biskup Íslands tilnefni, hafi sérstaka þekkingu á málefnum kirkjunnar þegar kemur að úrskurðum um ágreining sem kunni að rísa innan hennar.

Ráðherra er bundinn af tilnefningum þeirra sem nefndir eru í ákvæðinu. Sama gildi um varamenn þeirra. Í því skyni að tryggja hlutlægni nefndarmanna við meðferð kærumála er að auki lagt til að þeir skuli ekki vera fastir starfsmenn þjóðkirkjunnar. Úrskurðarnefndin velji sér sjálf formann og skuli hann vera annar þeirra sem Hæstiréttur tilnefnir. Sama gildi um varaformann.

Þá er í 2. mgr. gert ráð fyrir því að úrskurðarnefndin hafi heimild að fara þess á leit við ráðherra að hann skipi tvo sérfróða menn við meðferð einstakra mála sem tilnefndir verða á sama hátt og greinir í 1. mgr. Þetta heimildarákvæði er sett í frumvarpið því að á síðari árum hefur færst í vöxt að sérstakar úrskurðarnefndir hafi heimild til þess að kalla til sérfræðinga, ef þær telja það nauðsynlegt, við afgreiðslu einstakra mála og skulu þeir þá starfa með nefndinni við undirbúning og meðferð máls eftir ákvörðun formanns. Við tilnefningar sérfróðra manna skuli þess gætt að sérþekking þeirra nýtist sem best í hlutaðeigandi máli.

Í 3. mgr. er fjallað um þóknun nefndarmanna skv. 1. mgr., og eftir atvikum 2. mgr., og að hún skuli greidd úr kirkjumálasjóði en að öðru leyti fari um kostnað vegna starfa nefndarinnar eftir ákvæðum frumvarpsins.

Um 4. gr.

Hér er að finna ákvæði um meðferð kærumála hjá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar, en eins og fram kemur í 1. mgr. gilda ákvæði stjórnáskýslulaga, nr. 37/1993, eftir því sem við á almennt um málsmeðferðina og er tilskilið að kæra til nefndarinnar skuli vera skrifleg og undirrituð. Í kærinni skuli koma fram hver sé kærandi, hvert kæruefnið sé, kröfur kæranda og rök fyrir kæru. Úrskurðarnefndinni er heimilt að ákveða að kæra skuli borin fram á sérstöku eyðublaði á vefsíðu. Formaður, eftir atvikum varaformaður, stýrir störfum nefndarinnar við umfjöllun máls. Með því að hafa sérstakt eyðublað fyrir kæru er stuðlað að því að einfalda aðgengi fólks að nefndinni. Formaður, eftir atvikum varaformaður, stýrir störfum nefndarinnar. Í 2. mgr. kemur fram að berist úrskurðarnefndinni kæra og þá meti hún hvort kæruefnið heyri undir hana og hvort kærandi eigi hagsmuna að gæta. Í 3. mgr. segir að ef aðild og kæruefnið uppfylli skilyrði laganna taki nefndin málið til meðferðar og tilkynni þá öllum hlutaðeigandi þegar í stað um þá ákvörðun sína. Í 4. mgr. segir að ef nefndin telji að aðild máls eða kæruefnið uppfylli ekki skilyrði laganna þá vísi hún málinu frá.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um að ef kærsmål varði meint siðferðis- eða agabrot prests, djákna eða annarra starfsmanna þjóðkirkjunnar skuli úrskurðarnefndin, eftir að tekin hefur verið ákvörðun um það hvort aðild og kæruefnið uppfylli skilyrði laganna, meta hvort rétt sé að hún leggi til við hlutaðeigandi stjórnvöld þjóðkirkjunnar að þeim sem kæran beinist gegn verði veitt leyfi frá embætti eða starfi meðan málið er til meðferðar hjá nefndinni.

Hvað varðar siðferðisbrot þá er það er skýr stefna íslensku þjóðkirkjunnar að ásakanir um meinta kynferðislega áreitni á vettvangi kirkjunnar eigi ávallt að kalla á viðbrögð kirkjustjórnarinnar og að þær eigi fá viðeigandi meðferð. Þjóðkirkjan hefur því lagt mikla áherslu á forvarnarstarf á þessum sviðum. Starfandi er fagrað um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar, sbr. starfsreglur nr. 955/2009, og innleidd hefur verið svokölluð skimun á vígðum þjónum og öðrum sem leita eftir embætti eða starfi hjá þjóðkirkjunni, þ.m.t. sem sjálfbodaliðar. Skimun þessi felur í sér að leitað er heimildar viðkomandi til að heimila

öflun upplýsinga úr sakaskrá hvað varðar tiltekin brot, sbr. 3. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembættis, nr. 144/2016 og 24. gr. starfsreglna um sóknarnefndir nr. 1111/2011. Rétt þykir ef starfsmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum um kynferðisbrot eða eftir atvikum önnur siðferðisbrot eða agabrot þá sé það kannað hvort rétt sé að viðkomandi fari í leyfi frá störfum sínum meðan rannsókn málsins stendur yfir. Trúverðugleiki vígðra þjóna og annarra starfsmanna kirkjunnar verður að vera hafinn yfir allan vafa og því þykir rétt að hafa þetta ákvæði í lagatextanum.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um sáttameðferð nefndarinnar en nefndin kannar á þessu stigi málsmeðferðar hvort grundvöllur sé til sáttar. Ef sættir koma til greina boðar hún málsaðila á sinn fund, saman eða hvorn í sínu lagi.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að ef sættir takist ekki og úrskurðarnefnd telji gögn með beiðni um úrlausn máls ekki fullnægjandi gefi nefndin kæranda kost á að senda frekari gögn og greinargerð um málið og sé honum þá veittur frestur, sem að jafnaði sé ekki lengri en fjórar vikur, til að skila gögnum. Veita megi þó lengri frest þegar sérstaklega standi á og gefa skuli gagnaðila kost á að skila gögnum að liðnum sama fresti. Í 2. mgr. er kveðið á um að ef kærandi sinni ekki tilmælum nefndarinnar innan þess frests sem gefinn hefur verið hafi nefndin heimild til að synja um úrlausn málsins og skuli sú synjun vera skrifleg og gagnaðili fá afrit af synjuninni enda sé nefndinni ekki skylt að bíða eftir því að viðkomandi aðili skili gögnum dragist það úr hömlu.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. segir að í lok frests haldi nefndin fund með aðilum málsins þar sem kærandi og gagnaðili leggi fram gögn og greinargerðir ef það eigi við. Í 2. mgr. kemur fram að gagnaðila skuli veittur frestur til þess að tjá sig skriflega um gögn þau sem kærandi hefur lagt fram og greinargerð hans. Frestur gagnaðila skuli að jafnaði ekki vera lengri en fjórar vikur en veita megi þó lengri frest þegar sérstaklega standi á. Í 3. mgr. kemur svo fram að ef gagnaðili sinni ekki tilmælum nefndarinnar innan tilgreinds frests skulu þau ítrekuð með nýjum fresti sem skuli að jafnaði ekki vera lengri en tvær vikur en ef ekki, þá byggi hún úrlausn máls á framlögðum gögnum og öðrum þeim upplýsingum er hún afli sjálf um málið.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. segir að í lok þess frests, sem gagnaðila hafi verið veittur, skuli halda fund í úrskurðarnefndinni með kæranda og gagnaðila þar sem greinargerð gagnaðila og önnur skjöl, sem hann kys að leggja fram, eru afhent. Svo segir í 2. mgr. að þegar öll gögn hafi verið lögð fram geti úrskurðarnefnd ákveðið að fjalla um mál munnlega óski málsaðilar þess og skuli að jafnaði framlagningu gagna lokið á þessu tímamarki. Í 3. mgr. segir að ef fjallað verði um málið munnlega skuli vera ákveðinn stuttur frestur til þess og að honum liðnum skuli kærandi tjá sig fyrst um málið en gagnaðili að því búnu. Í 4. mgr. kemur fram að ef ekki verði af munnlegri málsmeðferð fyrir nefndinni skuli kæranda og gagnaðila veittur samanlagt tveggja vikna frestur til að tjá sig skriflega um málið. Hliðstætt ákvæði er að finna í ákvæðum um nokkrar úrskurðar- og kærunefndir sem nú starfa, svo sem í ákvæðum um úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga

og vinnumarkaðsaðgerða, sjá 2. mgr. 12. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006. Að öðru leyti gildir ákvæði 2. mgr. 30. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, en þar er að finna heimild til að ákveða að mál skuli flutt munnlega ef það er sérstaklega vandasamt og ætla má að mál upplýsist betur með þeim hætti.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um að úrskurðarnefnd skuli í upphafi málsmeðferðarinnar og einnig síðar, ef ástæða þykir til, rita stjórnvöldum, einkaaðilum, rannsóknaraðilum eða öðrum bréf og óska eftir því að fá send tilgreind eða ótilgreind gögn, sem kunna að vera til upplýsingar um málsatvik. Strax og slík gögn berast nefndinni skulu afrit þeirra afhent málsaðilum. Enn fremur er í ákvæðinu kveðið á um að nefndin geti mælt svo fyrir í bréfi þar sem óskað er afrits gagna að gögn sem afhent eru nefndinni í trúnaði verði auðkennd sérstaklega. Slíkt er til þess fallið að tryggja betur en ella öryggi við meðferð gagna hjá nefndinni og þykir ekki íþyngjandi gagnvart þeim sem þarf að afhenda nefndinni gögn.

Um 11. gr.

Hér er kveðið á um það tilvik að hafi aðili neytt réttar síns til þess að óska eftir því að fram fari opinber rannsókn af sama tilefni og mál það sem úrskurðarnefndin hefur fengið til meðferðar skal nefndin kalla eftir öllum gögnum sem aflað hefur verið við þá rannsókn, þ.m.t. skýrslur sem gefnar hafa verið fyrir rannsóknaraðila.

Um 12. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að heimilt verði að óska þess að tilteknir menn komi til viðtals við nefndina og skulu málsaðilar eiga kost á að vera viðstaddir slíkar viðræður. Heimilt er að hljóðrita slíkar skýrslur og skal sú ákvörðun tilkynnt skýrslugjafa og öðrum sem viðstaddir eru skýrslutöku.

Ef framburður er ekki hljóðritaður eða tekinn upp á annan hátt skal leitast við að skrá orðrétt eftir skýrslugjafa. Í lok skýrslutöku skal gefa skýrslugjafa tækifæri til að lesa það sem skráð hefur verið eftir honum. Vilji hann leiðrétta það sem þar kemur fram eða skýra það frekar ber að gefa honum kost á því, eftir atvikum með því að skrá niður athugasemdir hans, sbr. 1. mgr.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um það tilvik að neiti maður að koma til viðtals hjá nefndinni eða afhenda nauðsynleg gögn er nefndinni heimilt að afla gagna skv. 2. mgr. 77. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Í því ákvæði kemur fram að ef hætta sé á að gögn, sem varða lögvarða hagsmuni aðila, fari forgörðum eða að það verði verulega erfiðara síðar að ná þeim gögnum, þá sé heimilt að leita sönnunar um atvikið fyrir dómi með vitnaleiðslu eða öflun skjals eða annars sýnilegs sönnunargagns þótt hann hafi ekki haft uppi kröfu í tengslum við atvikið í dómsmáli. Aðila sé með sama hætti heimilt að leita sönnunar fyrir dómi um atvik sem varði lögvarða hagsmuni hans og geti ráðið niðurstöðu um hvort hann láti verða af málshöfðun vegna þeirra. Þau skilyrði eru sett í ákvæðinu fyrir öflun slíkra gagna að aðili hafi annars vegar lögvarða hagsmuni af því að leita sönnunar og hins vegar að einhverju af eftirtöldu sé fullnægt. Í fyrsta lagi að kostur fari forgörðum á að afla sönnunarinnar ef það er ekki gert strax. Í öðru lagi að

gagnaöflunin verði verulega erfiðari ef dráttur verður á henni. Í þriðja lagi að sönnunarfærslan geti ráðið niðurstöðu um hvort aðilinn láti verða af málshöfðun vegna viðkomandi atvika.

Í 2. mgr. er fjallað um það tilvik að ef grunur er um refsiverða háttsemi geti nefndin hlutast til um að fram fari opinber rannsókn á málinu.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að þegar aðilar hafi skilað þeim greinargerðum og gögnum, sem þeir eigi kost á og tjáð sig munnlega um málið, hafi það verið ákveðið, taki úrskurðarnefndin málið til úrskurðar. Nefndin fjalli um málið á fundum eins og þurfa þyki til að komast að niðurstöðu.

Í 2. mgr. segir að nefndin skuli semja skriflegan og rökstuddan úrskurð um úrlausnarefnið.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að nefndin skuli kveða upp úrskurð eða gefa álit svo fljótt sem kostur er. Þetta er í samræmi við 1. mgr. 9. gr. stjórnslulaga þar sem segir að ákvarðanir í málum skuli teknar svo fljótt sem unnt er. Þá er lagt til að kveðið verði á um að það skuli að jafnaði gert innan fjögurra vikna nema sérstakar ástæður hamli. Sérstakar ástæður gætu t.d. verið vegna tafa við gagnaöflun eða öflun umsagna eða vegna umfangs máls eða mikils málafjölda. Tilkynna skal málsaðilum um dráttinn.

Í 2. mgr. er mælt fyrir að séu nefndarmenn ekki allir á einu máli um niðurstöðu úrlausnarefnisins, skal sá sem er í minni hluta skila séráliti um hana.

Meginreglan er sú að allir nefndarmenn skuli sitja fund. Forfallist aðalmaður, án þess að ráðrúm gefist til að boða varamann í hans stað, er nefndin engu að síður ályktunarhæf þegar meiri hluti nefndarmanna situr fund, sbr. 1. mgr. 34. gr. stjórnslulaga. Við þær aðstæður er gert ráð fyrir að atkvæði formanns ráði úrslitum þegar atkvæði falla eitt á móti einu.

Í 3. mgr. kemur fram að þegar úrskurðarnefnd hafi lokið samningu úrskurðar síns skuli hún senda hann til málsaðila.

Í 4. mgr. er tilgreint að úrskurðum úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar verði ekki skotið til annars stjórnvalds, þeir séu endanlegir á stjórnslustigi. Samkvæmt þessari grein frumvarpsins gilda stjórnslulög, nr. 37/1993, um meðferð mála fyrir úrskurðarnefndinni. Svo sem almennt á við er unnt að leita til dómstóla vegna úrskurða nefndarinnar.

Um 16. gr.

Hvað varðar þessa grein er vísað til umfjöllunar um ákvæðið í III. kafla almennu athugasemdanna um meginefni frumvarpsins. Að öðru leyti er greinin skýr og þarfnast því ekki skýringa.

Um 17. gr.

Greinin er nær samhljóða 5. mgr. 13. gr. núgildandi laga um stöðu, stjórn og starfsemi þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997. Með kirkjulegum framkvæmdarvaldshöfum í skilningi þessa ákvæðis frumvarpsins er átt við biskup Íslands, forstöðumenn kirkjulegra stofnana, stjórnir kirkjumiðstöðva, sóknarnefndir, kirkjugarðsstjórnir og Kirkjugarðaráð. Þessir kirkjulegu framkvæmdarvaldshafar lúta síðan yfirumsjón kirkjuráðs hvað varðar framfylgd úrskurða úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um skyldu til að birta helstu úrskurði á vef þjóðkirkjunnar og álit og er ákvæðið í samræmi við ákvæði laga um ýmsar úrskurðarnefndir, s.s. á sviði almannatrygginga og velferðarmála svo og jafnréttismála. Flestar þeirra birta helstu úrskurði og álit á úrskurðavef Stjórnarráðs Íslands. Í 2. mgr. er síðan kveðið á um skyldu nefndarinnar til að skila ráðherra skýrslu um störf sín, helstu niðurstöður og leiðbeinandi reglur sem leiða má af úrskurðum eða álitum nefndarinnar.

Um 19. gr.

Hér er vísað til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, varðandi vinnslu nefndarmanna, starfsmanna og ráðgjafa nefndarinnar á persónuupplýsingum.

Í 1. mgr. er að finna ákvæði um þagnarskyldu nefndarmanna í úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Mikilvægt er að um þagnarskyldu nefndarmanna sé skýrt ákvæði í frumvarpinu enda þótt ætla verði að þagnarskylduákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, taki til þeirra. Ljóst er hins vegar að þagnarskylduákvæði laga, nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, tekur ekki til nefndarmanna þar sem seta í nefndinni telst ekki vera fullt starf. Enginn nefndarmaður í úrskurðarnefndinni sinnir því sem aðalstarfi. Þagnarskylduákvæðið tekur samkvæmt efni sínu einnig til nefndarmanna og varamanna þeirra svo og til þeirra sem nefndin kann að kveðja sér til aðstoðar, hvort heldur starfsmanna nefndarinnar, svo sem ritara, eða sérfræðinga sem leita má til við úrlausn einstakra mála. Þá helst þagnarskylda þótt látið sé af starfi.

Um 20. gr.

Hér er kveðið á um skyldu stjórnvalda þjóðkirkjunnar til að láta úrskurðarnefndinni í té öll gögn máls ásamt þeim upplýsingum og skýringum sem nefndin telur nauðsynlegar vegna úrlausnar máls. Þótt telja megi að slík skylda sé þegar fyrir hendi þykir rétt að áréttta það í frumvarpinu. Hliðstæð ákvæði er t.d. að finna í lögum um úrskurðarnefnd velferðarmála, nr. 85/2015 og í lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007.

Um 21. gr.

Samkvæmt ákvæðinu skulu málsaðilar sjálfir bera kostnað sinn vegna meðferðar máls fyrir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Að öðru leyti er kveðið á um í ákvæðinu að kostnaður við starfsemi úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar skuli greiddur úr kirkjumálasjóði. Nefndinni er þó heimilt að ákveða að annar eða báðir málsaðilar greiði kostnaðinn af starfi nefndarinnar. Rétt þykir að kveða á um það í frumvarpinu að þjóðkirkjan greiði almennt kostnað af störfum nefndarinnar nema annað sé sérstaklega úrskurðað, sbr. 3. másl. greinarinnar, til að tekin séu öll tvímæli af um það ríkissjóður greiði ekki kostnað af störfum nefndarinnar.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að setja nánari ákvæði um úrskurðarnefndina í reglugerð. Þar gætu t.d. verið nánari ákvæði um á hvaða formi erindi til nefndarinnar skuli vera, hvaða úrskurði og álit skuli birta og hvernig haga skuli birtingunni. Í 2. mgr. er nefndinni heimilað að setja sér verklagsreglur sem staðfestar skulu af ráðherra.

Um 23. gr.

Hér er gert ráð fyrir að lögin taki gildi x.

Um ákvæði til bráðabirgða

Loks er gert ráð fyrir að ákvæði til bráðabirgða taki gildi strax þannig að unnt verði að ljúka þeim málum sem hafa verið kærð til úrskurðarnefndar og eftir atvikum áfrýjunarnefndar fyrir gildistöku laganna og er ólokið.